

Fanney, Kristján og Jón voru bestu vinir frá því í leikskóla en voru byrjuð í 4. bekk í Brekkuskóla. Þau áttu heima í sömu götu og bjuggu hlið við hlið í litlum bæ sem hét Brekkubær og var rétt fyrir utan Reykjavík. Það var 21. desember, það hafði snjóað mikið en þau voru loksins komin í jólafrí. Þau voru spennt fyrir jólunum og voru mikið búin að velta fyrir sér jólagjöfum og allt það sem þau ætluðu að gera saman í jólafríinu.

Þennan dag var þríeykið að labba heim til Fanneyjar til að skrifa óskalista til jólasveinsins. Þau voru ekki alveg sannfærð um að jólasveinninn væri til í alvöru en ætluðu samt að gera óskalista og sjá hvort þau myndu fá stóru gjöfina. Þau óskuðu sér öll þess sama í jólagjöf, Playstation 5 og FIFA 22. Þau byrjuðu strax að skrifa og fóru svo með bréfin í póstkassann. Þegar þau komu að póstkassanum fauk hálfgert fjársjóðskort upp úr kassanum og á því stóð Norðurþóllinn. Þau ákváðu að skoða kortið betur og sáu að aftan á því voru einhver skrítin tákna á tungumáli sem þau þekktu alls ekki. Þau vissu hins vegar hver gæti útskýrt þessi skrítunum tákna enda þekktu þau mann að nafni Anton sem var hálfgerður jólasveinasérfræðingur, vissi allt um jólin og jólasveininn. Anton hafði sagt krökkunum endalausar sögur af jólasveininum þegar allir foreldrarnir voru á jólaskemmtunum en þau höfðu aldrei nennt að hlusta á hann. Daginn eftir fóru krakkarnir til Antons og sýndu honum kortið. Anton sagði að þau ættu nú öll að vita þetta því þetta kæmi fram í uppáhalds sögunni hans sem hann hafði sagt svo oft. Þremenningarnir vissu náttúrulega ekkert hvað þetta þýddi en Anton vildi alls ekki segja þeim neitt. Hann hafði engann tíma fyrir þau þar sem hann var að fara í búðina. Jón fékk þá gegjuðu hugmynd að þegar Anton færi út í búð myndu þau stelast inn til hans og finna bókina með uppáhalds sögunni. Þau biðu eftir að Anton færi, náðu í lykilinn sem var undir mottunni hjá útidyrahurðinni, drífu sig inn og leituðu og leituðu. Þau fundu hvergi réttu bókina en allt í einu fattaði Fanney að hún hafi séð leyniherbergi í húsinu þegar hún var einu sinni í þössun. Þremenningarnir fóru að leyniherberginu og Fanney hélt að hún vissi kóðann en nei 2412 var allt of augljóst. Þau reyndu ótal númer þegar Jón mundi eftir deginum sem Anton elskaði mest en það var 23. desember, afmælisdagur Antons. Þau komust loksins inn og leyniherbergið var eins og hellir. Þau fundu bókina strax og á síðustu blaðsíðunni stóð hvað tákni þýddu. Það kom í ljós að það stóð velkomin á Norðurþóllinn. Allt í einu var eins og það væri hent einhverju töfradufti yfir þau og allt í einu voru þau komin í einhvers konar jóland. Þetta var stór bær með fullt af verksmiðjum eins og nammiverksmiðju,

dótaverksmiðju, fataverksmiðju og tækjaverksmiðju. Það var mikill snjór og öll hús og verksmiðjur fallega skreyttar og svo var stærsta og flottasta jólatré sem krakkarnir höfðu séð. Það tók þau nokkrar mínútur að átta sig á hvar þau væru en þegar þau sáu mann með hvítt skegg, smá bumbu og rauðklæddan voru þau 100 prósent viss um hvar þau væru. Þremenningarnir hlupu til jólasveinsins og kynntu sig. Hann kynnti sig líka og sagðist heita Július. Július var glaður að sjá þau en hissa. Hann fór með þau heim til sín, hitaði kakó fyrir þau og krakkarnir sögðu honum hvað hafði gerst en líka frá óskalistanum sínum. Július sagði þau koma á hárréttum tíma þar sem það væri mikið að gera og yrði gott að fá hjálp frá þeim. Þau fóru strax í þökkunarverksmiðjuna, voru þar allan daginn og náðu loks að klára. Um kvöldið fóru krakkarnir að hugsa hvernig þau kæmust aftur heim en Július sagðist skutla þeim heim á sleðanum áður en hann færi með allar gjafirnar. Morguninn eftir tók við mikið ævintýri þegar krakkarnir fóru með Júlusu á hreindýrasleðanum. Kristján var mjög lofthræddur og hélt fast í hendur Jóns og Fanneyjar alveg frá því að Július kallaði á hreindýrin sín þangað til þau lento hjá húsunum þeirra. Krakkarnir þökkuðu fyrir farið og vonuðust til að hitta hann aftur á næsta ári. Á aðfangadagsmorgun vöknudu krakkarnir og hittust heima hjá Jóni með pakkann frá jólasveininum Júlusu og opnuðu á sama tíma. Þau fengu öll Playstation 5 og FIFA 22. Það trúði enginn heima í Brekkubæ sögunni þeirra af jólasveininum nema kannski Anton en krakkarnir efuðust ekki lengur um að jólasveinninn væri til.

*Sigrún Þóra Gunnarsdóttir*

*8 - VR*